



Lokaverkefni til BA-prófs í íslensku

Athugun á rödduðum framburði og *bð/gð*-framburði í máli eldra fólks á Norðurlandi

Líney Ingibjörg Gísladóttir

**Leiðbeinandi: Ásgrímur Angantýsson
Júní 2020**



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska

**Athugun á rödduðum framburði og bð/gð-framburði í máli eldra
fólks á Norðurlandi**

Ritgerð til B.A.-prófs

Líney Ingibjörg Gísladóttir

Kt.: Líney Ingibjörg Gísladóttir

Leiðbeinandi: Ásgrímur Angantýsson

Júní 2020

Ágrip

Ritgerð þessi er lögð fram til B.A.-prófs í íslensku á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Umfjöllunarefni hennar er *bð/gð*-framburðurinn og raddaði framburðurinn, en það eru mállýskueinkenni sem finnast á Norðurlandi. Bæði framburðareinkennin eru nú á hröðu undanhaldi. Ritgerðin byggist á rannsókn sem höfundur gerði á kjarnasvæði þessara framburðareinkenna og gögnum úr fyrri rannsóknum, einkum RAUN, RÍN og rannsókn Björns Guðfinnssonar. Markmið ritgerðarinnar er að skoða hvort þessi framburðareinkenni finnast að einhverju leyti í máli eldri málhafa, hvernig þau koma fram í máli þeirra, hvort einhver breytileiki er í máli þeirra og hvort búsetusaga þátttakenda skiptir máli. Þátttakendur rannsóknarinnar voru þrettán talsins.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru forvitnilegar. Til dæmis fannst *bð/gð*-framburðurinn hjá 67 ára gömlum einstaklingi en búist var við að þetta framburðareinkenni kæmi einungis fram í máli allra elstu þátttakendanna. Búsetusaga virtist skipta máli á þann hátt að þeir sem hafa dvalið lengi fjarri heimabyggð sinni varðveita síður staðbundin framburðareinkenni. Raddaði framburðurinn fannst hjá tólf af þrettán einstaklingum en *bð/gð*-framburðurinn fannst hjá fimm einstaklingum. Þó að einstaklingar með *bð/gð*-framburðinn hafi verið mun færri en einstaklingar með raddaða framburðinn kom ánægjulega á óvart að hann skyldi koma svo skýrt fram í ekki stærri rannsókn en þeirri sem framkvæmd var fyrir þessa ritgerð. Líklega fara að verða síðustu forvöð að ná þessum framburði á upptöku. Íslenskar framburðarmállýskur eru tiltölulega fábreyttar og málið mun óneitanlega verða einsleitara ef þessi framburðareinkenni deyja út.

Formáli

Ég skemmti mér mjög við gerð þessarar ritgerðar. Sjálf hef ég einkenni raddaða framburðarins í máli mínu. Eftir að ég flutti frá Grenivík til Reykjavíkur, til að hefja nám við Háskóla Íslands, hef ég oft verið spurð af Reykvíkingum hvort ég sé að norðan þegar ég segi orð eins og skammtur, panta eða mjólk. Áður hugsaði ég ekki mikið út í máli mitt, ef til vill vegna þess að raddaði framburðurinn sker sig ekki eins mikið úr fyrir Norðan. Þetta kveikti áhuga minn á íslenskum mállýskum.

Ég vil þakka leiðbeinanda mínum, Ásgrími Angantýssyni, fyrir góða leiðsögn og stuðning við gerð þessarar ritgerðar. Ég vil líka þakka þátttakendum rannsóknarinnar fyrir að taka þátt í henni, án þeirra hefði þetta ekki verið mögulegt. Loks vil ég þakka þabba mínum, Gísla Sigurgeiri Árnasyni, fyrir að skutla mér um nánast allt Norðausturland í allskonar ófærð til þess að ég gæti hitt þátttakendur rannsóknarinnar.

Efnisyfirlit

Ágrip	1
Formáli	2
1. Inngangur	4
2. Framburðarrannsóknir á Íslandi	5
2.1 Rannsókn Stefáns Einarssonar	5
2.2 Rannsókn Björn Guðfinnssonar	6
2.3 RÍN.....	7
2.4 RAUN	8
3. Raddaður framburður, eðli og einkenni	9
4. Bð/gð-framburðurinn, eðli og einkenni	10
5. Athugun á rödduðum framburði og bð/gð-framburði	11
6. Niðurstöður	12
6.1 Niðurstöður fyrir raddaða framburðinn	13
6.2 Niðurstöður fyrir bð/gð-framburðinn.....	19
6.3 Hefur búsetusaga áhrif á mál þátttakendanna?	21
6.4 Breytileiki í máli þátttakendanna	23
6.5 Staða og framtíðarhorfur raddaða- og bð/gð-framburðarins.....	24
6.6.1 Hugsanlegar ástæður fyrir stöðu framburðareinkennana	26
7. Lokaorð	29
Heimildaskrá	30
Viðauki	32
Bjarni blaðasali	32
Norðurlandsmót	32

1. Inngangur

Á Íslandi eru fáar staðbundnar framburðarmállýskur en þó eru þær til. Norðurland einkenna til dæmis harðmæli, *ngl*-framburður, raddaður framburður og *bð/gð*-framburður. Þar sem fjölbreytni í íslensku máli er ekki mikil að þessu leyti hefur menn greint á um hvort mállýskur séu til á Íslandi. Einnig hefur verið ágreiningur um hvort ýmislegt sem hefð er fyrir að kalla mállýskur séu í raun mállýskur eða ekki. Íslensk framburðareinkenni eru misjafnlega algeng. Sum lifa góðu lífi í máli íslenskra málhafa en önnur eru sjaldgæf og nánast horfin. Harðmæli er til dæmis mun algengara en raddaði framburðurinn og *bð/gð*-framburðurinn. Þótt ekki séumargar mállýskur á Íslandi hafa íslensk framburðareinkenni verið rannsökuð tiltölulega mikið. Þrjár Stórarrefna má þrjár stórar rannsóknir ber hæst. Í fyrsta lagi rannsókn Björns Guðfinnssonar á fimmta áratug 20. aldar, í öðru lagi RÍN-rannsóknin (rannsókn á íslensku nútímamáli) á níunda áratug 20. aldar og loks svonefnd RAUN-rannsókn á öðrum áratug 21. aldar (Málbreytingar í rauntíma á íslensku hljóðkerfi og setningargerð). Einnig má nefna rannsókn Stefáns Einarssonar á máli og mállýskum á Austurlandi snemma á 20. öld og ýmsar athuganir sem fræðimenn á borð við Eggert Ólafsson og Árna Magnússon gerðu um mál á Íslandi 1987).

Í rannsóknum Björns Guðfinnssonar, RÍN og RAUN kom í ljós að raddaður framburður og *bð/gð*-framburður eru á miklu undanhaldi, einkum sá síðarnefndi. Þessar niðurstöður vekja upp spurningar um að hvaða marki er enn hægt að finna þessi mállýskueinkenni í máli einstaklinga á kjarnasvæðum þeirra á Norðurlandi. Einnig er áhugavert að sjá hvort einhver breytileiki sé í máli þeirra einstaklinga sem hafa þessi framburðareinkenni og hvort búsetusaga skipti máli. Til þess að komast að þessu var lítil rannsókn framkvæmd. Talað var við 13 einstaklinga sem höfðu búið lengst af á Norðurlandi. Yngstu þátttakendurnir voru 67 ára og þeir elstu 90 ára. Einnig er áhugavert að velta fyrir sér ástæðum fyrir minnkandi tíðni þessara framburðareinkenna. Hefur til dæmis menntun og viðhorf til þessara framburðareinkenna áhrif? Hafa búseta, utanaðkomandi áhrif eða flutningar áhrif? Hugsanlegum svörum við þessum spurningum er velt upp í ritgerðinni og þau sett í samhengi við fyrri rannsóknir á íslenskum framburðarmállýskum.

2. Framburðarrannsóknir á Íslandi

Formlegar rannsóknir á mállýskum hófust á Íslandi seint á 19. öld. Fyrir þann tíma minntust þó margir fræðimenn sem ferðuðust um landið á mun í máli landsmanna. Fyrsta skipulagða rannsóknin á íslenskum mállýskum var gerð af Birni M. Ólsen með styrk úr danska Carlsbergsjóðnum Björn framkvæmdi rannsókn sína á árunum 1884 til 1893 en á þeim tíma hófust einmitt mállýskurannsóknir víða á meginlandi Evrópu. Björn ferðaðist á milli héraða á Íslandi til að fylgjast með og rannsaka málfar þeirra sem þar bjuggu. Hann safnaði einnig orðum sem hann heyrði á ferðalagi sínu í sérstakt orðasafn. Björn lést áður en hann gat birt niðurstöður rannsóknar sinnar. Lítið hefur verið unnið úr niðurstöðum rannsóknar hans. Þó má finna orðasafn hans í *Blöndalsorðabók* eftir Jón Ófeigsson (Guðvarður Már Gunnlaugsson, 1987).

Jón Ófeigsson skrifaði einnig um íslenskar mállýskur í *Blöndalsorðabók* og studdist þar mikið við rannsóknir Björns ásamt því að ferðast sjálfur um landið og afla sér upplýsinga. Jón skipti íslenskum mállýskum í fjóra flokka en það voru norðlenska, sunnlenska, austfirska og Suðurnesjamál. Samkvæmt honum eru einkenni norðlensku þau að hljóðin /p, t, k/ eru harðmælt á milli sérhljóða í orðum eins og *gapa*. Hljóðin /l, m, n/ eru rödduð á undan hljóðunum /p, t, k/ í orðum á borð við *hjálpa*, í orðum á borð við *blíðka* er /ðk/ borið fram sem /ðk^h/, í orðum eins og hvalur er /hv/ borið fram sem /kv/. Framburður orða eins og hvor er [kvø:r] í stað [x^wo:r]), í orðum á borð við hafði eru /fð/ og /gð/ eru borin fram sem /pð/ og /kð/. Jón lýsir þar af leiðandi mállýskum eins og *bð/gð*-framburðinum, raddaða framburðinum, harðmæli og *kv*-framburðinum. Hann setur þau þó öll undir sama hatt og gefur þeim ekki sérstök heiti eins og þau hafa í dag (Jón Ófeigsson, 1924: 16).

2.1 Rannsókn Stefáns Einarssonar

Sumarið 1930 rannsakaði Stefán Einarsson mállýskur á Fljótshéraði og Austfjörðum. Tilgangurinn með rannsókn hans var að komast að því hvar mörkin á milli sunnlensku og norðlensku væru. Í rannsókninni einbeitti Stefán sér mest að raddaða framburðinum en fjallaði einnig um *bð/gð*-framburðinn, óraddaða framburðinn, harðmæli, linmæli og flámæli. Stefán notaði samræðuadferð við rannsókn sína. Hann nefndi ekki með skýrum orðum á hvaða aldursbili viðmælendur hans voru. Hann tók þó fram að rannsókn hans næði nær eingöngu til fullorðinna þar sem börn og unglingar hefðu ekki áhuga á að ræða við ókunna gesti. Hann minntist þó á það í umfjöllun sinni um Borgarfjörð að viðmælendur hans hefðu verið á aldrinum 18 til 70 ára. Stefán minntist einnig á hvað gæti haft áhrif á mállýskur og valdið því að þær breyttust. Hann nefndi meðal annars að prestastéttin, virðingu fyrir höfuðborginni,

fólksflutningar og samskipti við sunnlenska sjómenn gætu hafa haft áhrif á hvort mál breyttist hjá einstökum málhöfum. Stefán birti rannsóknargrein um þetta í tímaritinu *Skírni* árið 1932 (Stefán Einarsson, 1932).

Stefán fór á sveitabæi og skoðaði mál heimilismanna. Hann fór meðal annars til Loðmundarfjarðar, Borgarfjarðar og í Fljótdalshérað. Í Fljótdalshéraði heimsótti hann þrettán bæi. Þar voru 52% íbúanna með hreinan raddaðan framburð, 13,7% voru með blandaðan raddaðan framburð og 34,1% voru með óraddaðan framburð. Í Loðmundarfirði fór Stefán aðeins á fimm bæi og fann þar raddaðan framburð á öllum þeim bæjum. Í Borgarfirði skoðaði hann 23 heimilismenn á tíu bæjum. Þar voru 11 íbúar sem höfðu hreinan raddaðan framburð, fimm höfðu blandaðan framburð og sjö höfðu óraddaðan framburð. Stefán fór einnig til fleiri staða meðal annars Reyðarfjarðar, Mjóafjarðar og Stöðvarfjarðar. Misjafnt var eftir stöðum hversu margir höfðu raddaða framburðinn. Stefán lýsir ekki *bð/gð*-framburðinum í smáatriðum. Hann fann framburðinn aðeins hjá sex einstaklingum og taldi því að hann myndist ekki mikið á þeim svæðum sem hann var að kanna (Stefán Einarsson, 1932)

2.2 Rannsókn Björn Guðfinnssonar

Árið 1941 hóf Björn Guðfinnsson rannsókn á íslenskum mállýskum. Rannsókn Björns var lögð upp sem hluti af málfegrrunarátaki Ríkisútvarpsins og átti að vera fyrsti þátturinn í því. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða mállýskur flestra landshluta, útbreiðslu einstakra afbrigða og þróun á ákveðnum mállýskum. Þetta var stór rannsókn, en á árunum 1941 til 1943 rannsakaði hann mál 6.520 íslenskra skólabarna og fór í flest skólahverfi landsins. Þessa rannsókn nefndi hann yfirlitsrannsókn. Hann kannaði einnig framburð fullorðinna einstaklinga. Börnin sem tóku þátt í rannsókn Björns voru á aldrinum 10 til 14 ára. Björn beitti lestraraðferðinni en þá eru málhafar fengnir til að lesa upp texta í von um að ákveðin mállýskueinkenni komi fram. Björn beitti einnig ritunaraðferð, spurnaraðferð og samtalsaðferð. Samkvæmt honum var mikið gagn að ritunaraðferðinni þegar mál barna undir 10 ára aldri var skoðað. Þar sem þau væru ekki orðin almennilega skrifandi væru meiri líkur á að framburðareinkenni kæmu fram í skrifum þeirra. Þá vildi hann ekki beita lestraraðferðinni í athugun sinni á fullorðnum einstaklingum þar sem honum fannst að þeim væri illa við slíkar rannsóknir og væru líklegri til að breyta máli sínu en börnin (Björn Guðfinnsson, 1946: 83, 97, 98, 100, 134).

Samkvæmt niðurstöðum Björns fannst raddaði framburðurinn varla í öðrum landshlutum en á Norðurlandi. Framburðareinkennið var algengast í Eyjafjarðarsýslu þar sem

225 málfar af 305 höfðu hreinan raddaðan framburð og 72 málfar höfðu blandaðan framburð. Í Suður-Þingeyjarsýslu voru 166 málfar af 240 með raddaðan framburð og 66 með blandaðan framburð. Á stöðum eins og Akureyri voru 42 málfar af 175 með raddaðan framburð og 98 með blandaðan framburð. Í Grýtubakkahreppi voru 20 af 28 málhöfum með raddaðan framburð og sjö með blandaðan framburð. Í Norður-Þingeyjarsýslu voru 60 af 107 málhöfum með raddaðan framburð og 43 með blandaðan framburð. Á blönduðum svæðum líkt og í Skagafirði voru 49 af 201 málhöfum með raddaðan framburð og 78 með blandaðan framburð. Oft verður minnst á þessa staði í rannsóknarkafnanum þar sem flestir þátttakendur rannsóknarinn komu frá þessum svæðum. Í heildina voru 9,33% landsmanna með raddaðan framburð, 77,50% landsmanna höfðu óraddaðan framburð og 13,17% landsmanna höfðu svokallaðan blandaðan framburð (Björn Guðfinnsson, 1964: 19-29, 30, 33-35, 43).

Líkt og í tilviki raddaða framburðarins sýndu niðurstöður Björns að *bð/gð*-framburðurinn var algengastur á Norðurlandi. Í Suður-Þingeyjarsýslu höfðu 66 af 240 málhöfum *bð/gð*-framburðinn og 92 voru með blandaðan framburð. Venjulegan öngljóðaframburð höfðu 27,50% málfaranna, 34,17% voru með *bð/gð*-framburðinn og 38,33% voru með blandaðan framburð. Í Eyjafjarðarsýslu voru 68 málfar af 305 með *bð/gð*-framburðinn og 88 málfar voru með blandaðan framburð. 28,85% voru með öngljóðaframburð, 22,30% voru með *bð/gð*-framburð og 28,85% voru með blandaðan framburð. Í heildina voru 89,62% með öngljóðaframburð, 3,02% höfðu *bð/gð*-framburð og 7,36% höfðu blandaðan framburð (Björn Guðfinnsson, 1964: 163, 164, 165, 168).

2.3 RÍN

Árið 1980 hófst svonefnd RÍN-rannsókn og stóð hún til ársins 1990. Fyrir henni stóðu Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason. Þátttakendur rannsóknarinnar voru 2.900 talsins. Fleiri karlmenn tóku þátt en konur en karlmennirnir voru 1.500 talsins en konurnar voru 1.400 talsins. Þátttakendurnir tilheyrðu öllum aldurshópum og komu frá öllum landshlutum. Höskuldur og Kristján vildu ná til að minnsta kosti hundrað einstaklinga í hverri sýslu. Í sumum þeirra voru málfarnir fleiri en hundrað en í öðrum sýslum, sem voru fámennari, voru þátttakendur færri. Þátttakendum rannsóknarinnar var skipt í fimm aldurshópa: 12-20 ára, 21-45 ára, 46-55 ára, 56-70 ára og 71 árs eða eldri. Í stærstu aldurshópnum voru unglingar á aldursbilinu 12-20 ára og fullorðið fólk á aldrinum 46-55 ára. Í minnstu aldurshópnum var fólk á aldrinum 56-70 ára og 71 árs eða eldri. Tilgangur rannsóknarinnar var að bera aldurshóp

12-20 ára saman við sama aldurshóp og Björn rannsakaði. Þeir einstaklingar sem tóku þátt í rannsókn Björns voru í aldurshópi 45-55 ára þegar RÍN var framkvæmd (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, e.d.).

Samkvæmt rannsókn RÍN fannst *bð/gð*-framburðurinn hjá minna en 20% málhafa á þeim svæðum sem búist var við að framburðareinkennið kæmis fram. Þátttakendum voru gefnar einkunnir á skalanum 100 til 200 eftir því hversu vel ákveðin framburðareinkenni sem leyttast var eftir komu fram. Hæst var tíðni *bð/gð*-framburðarins hjá elstu kynslóðinni og lægst hjá yngstu kynslóðinni. Tíðni raddaða framburðarins var einnig hæst hjá elstu aldurshópunum og lægst hjá yngstu aldurshópunum. Samkvæmt RÍN var raddaði framburðurinn á undanhaldi og *bð/gð*-framburðurinn nánast horfinn. Meðal þátttakenda RÍN voru einstaklingar sem tóku þátt í rannsókn Björns Guðfinnssonar (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, e.d.).

2.4 RAUN

Í RAUN-rannsókninni (Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningargerð) voru málbreytingar rannsakaðar í rauntíma. Þá er mál sömu einstaklinga eða svipaðra hópa rannsakað tvisvar eða oftár með tilteknu millibili (Höskuldur Þráinsson, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal, 2013). Rannsóknin hófst sumarið 2010 og þar var meðal annars var rætt aftur við þátttakendur í rannsókn Björns Guðfinnssonar. Einnig var rætt við yngri málhafa sem tóku þátt í rannsókn RÍN. Alls var rætt við 880 manns. Af þeim höfðu um 200 tekið þátt í RÍN, RAUN og rannsókn Björns Guðfinnssonar, um 140 tóku þátt í RAUN og rannsókn Björns, um 300 tóku þátt í RÍN og RAUN og 240 tóku aðeins þátt í RAUN. Þátttakendurnir í rannsókn Björns voru um áttrett þegar RAUN var framkvæmdsumrin 2010 og 2011 (Margrét Lára Höskuldsdóttir, 2013).

Í hluta rannsóknarinnar sem fjallaði um norðlensk mállyskueinkenni var þáttakendum skipt upp í tvo hópa, þá sem höfðu flutt til Reykjavíkur og þá sem voru búsettir voru á Norðurlandi. Skoðuð voru mállyskueinkenni sem kennd eru við Norðurland en það voru harðmæli, raddaður framburður og *bð/gð*-framburður. Rödduðum framburði var skipt upp í *lt*-framburð og raddaðan framburð án raddaðs /l/ á undan /t/. Raddað /l/ á undan /t/ eða *lt*-framburður er afbrigði af fraddaða framburðinum. Markmiðið var að athuga norðlensku mállyskueinkennin í máli þátttakendanna og sjá hvort framburður þeirra hefði breyst að einhverju marki. Einnig var skoðað hvort búsetusaga hefði áhrif. Gefin voru stig á kvarðanum einum upp í tvo eftir því hversu vel ákveðin mállyskueinkenni komu fram. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að tíðni nánast allra norðlensku mállyskueinkennanna hafði lækkað.

Mállýskueinkennin höfðu hörfað mun meira í máli þeirra sem höfðu flutt til Reykjavíkur. Þó höfðu mállýskueinkennin einnig látið undan síga í máli þeirra Norðlendinga sem höfðu alltaf búið á Norðurlandi (Margrét Lára Höskuldsdóttir, 2013).

3. Raddaður framburður, eðli og einkenni

Raddaður framburður er mállýskueinkenni sem finnst einna helst á Norðurlandi. Mállýskueinkennið er mest áberandi í Eyjafjarðarsýslu, sem er kjarnasvæði framburðarins, Suður-Þingeyjarsýslu og Norður-Þingeyjarsýslu. Raddaði framburðurinn finnst einnig í Skagafirði og Norður-Múlasýslu á Austurlandi. Andstæða raddaða framburðarins er óraddaður framburður en hann er ríkjandi í íslensku málsamfélagi. Raddaði framburðurinn er minnihlutaframburður, einkenni hans eru að hljóð á borð við /ð/ er raddað á undan harðhljóðinu /k/ og hljóðin /l, m, n/ eru rödduð á undan harðhljóðunum /p, t, k/. Raddaði framburðurinn kemur fram í orðum eins og *fólk*, *hempa*, *blaðka* og *fantur*. Hljóðritun þessara orða samkvæmt raddaða framburðinum eru [foulk^h], [hemp^ha], [plaðk^ha] og [fant^hyr]. hjá íslenskum málnotendum almennt framburður orðanna [foulk], [hempa], [plaθka] og [fanʏyr] (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, e.d.).

Erfitt er að segja hvort raddaði framburðurinn sé eldri en sá óraddaði. Að mati margra er raddaði framburðurinn eldri. Ástæðan fyrir því að ekki er hægt að segja til um með vissu hvort mállýskueinkennið sé eldra er sú að ekki eru til heimildir sem vitna til um hvor framburðurinn sé eldri. Heimildir eins og ritháttur og samanburður við skyld tungumál gefa ekki miklar vísbendingar um hvort mállýskueinkennið sé eldra. Eins og fram hefur komið er óraddaði framburðurinn mun algengari í nútímaíslensku en sá raddaði. Ef til vill bendir það til þess að raddaði framburðurinn sé eldri en sá óraddaði. Raddaði framburðurinn er þó án efa upprunalegur á kjarnasvæði sínu í Eyjafjarðarsýslu (Kristján Árnason, 2005: 373). Samkvæmt Birni Guðfinnssyni er raddaði framburðurinn eldri en sá óraddaði (Björn Guðfinnsson, 1947:19).

Raddaði framburðurinn er í eðli sínu mun flóknari en margar aðrar mállýskur (Kristján Árnason, 2005: 372). Hægt er að segja að til séu tvö afbrigði af raddaða framburðinum. Algengara afbrigðið er raddaður framburður án raddaðs /l/ á undan harðhljóðinu /t/. Sjaldgæfara afbrigðið er tvenns konar *lt*-framburður þar sem /l/ er raddað á undan hraðhljóðinu /t/ eftir ákveðnum reglum. Ekki er til mikið af heimildum um tvenns konar *lt*-framburðinn og svo virðist vera að þeir fræðimenn sem söfnuðu heimildum um íslenskar mállýskur í byrjun 20. aldar hafi ekki áttað sig almennilega á þessu afbrigði í tungumálinu (Baldur Jónsson, 1982).

Einnig getur /l/ verið raddað í orðum þar sem /f/ fer á milli /l/ og /t/. Í orðunum *álft* og *tylft* getur /l/ til dæmis verið raddað. Raddað /l/ á undan /t/ er algengast á Ólafsfirði og í Svarfaðardal. Tvenns konar lt-framburður kemur fram í orðum á borð við *bolti*. Þó er hljóðið /l/ aldrei raddað á undan /t/ í orðum eins og *piltur*. Afbrigði þar sem /l/ er undantekningarlaust raddað á undan /t/ er ekki til (Kristján Árnason, 2005: 371).

Merking orða og gerð þeirra getur haft áhrif á hvort /l/ verði raddað eða ekki. Orðið *holt* hefur til dæmis tvær merkingar sem eru *holt* að innan og *holt* í landslagi. Málhafar sem bera fram raddað /l/ á undan /t/, bera ekki fram raddað /l/ á undan /t/ þegar þeir tala um *holt* í landslagi. Hins vegar bera margir fram raddað /l/ á undan /t/ þegar þeir tala um að eitthvað sé *holt* að innan. Þessar tvær útgáfur *-lt* í rödduðum framburði gera það að verkum að erfiðara er að skilja eðli framburðarins. Að einhverju leyti ræðst þetta af orðhlutagerð. Meiri líkur eru á að /l/ á undan /t/ verði raddað ef orðhlutaskil eru á milli /l/ og /t/. Dæmi um orð þar sem orðhlutaskil eru á milli /l/ og /t/ eru *gult*, *af gulur*, og *heilt*, *af heill* en þá verða til lágmarkspör á borð við *holt* að innan, og *holt* í landslagi (Kristján Árnason, 2005: 372).

4. Bð/gð-framburðurinn, eðli og einkenni

Bð/gð-framburðurinn er mállýskueinkenni sem finnst aðallega á Norðurlandi á svæðum frá Austur-Húnavatnssýslu til Suður-Þingeyjarsýslu. Framburðareinkennið á sér svipað kjörsvæði og harðmæli og raddaði framburðurinn. Tíðni *bð/gð*-framburðarins hefur lengst af verið hæst í Suður-Þingeyjarsýslu. Á fimmta áratugnum var *bð/gð*-framburðurinn tiltölulega áberandi en þá notuðu um það bil 34% málhafa *bð/gð*-framburðinn og um það bil 38% höfðu blandaðan framburð. Í rannsókn RÍN var framburðareinkenninu gefin einnkunnina 115 á skalanum 100 til 200. Á öðrum svæðum eins og Eyjafjarðarsýslu og Norður-Þingeyjarsýslu var framburðareinkennið ekki eins áberandi. Á fimmta áratugnum var tíðni *bð/gð*-framburðarins um það bil 22% og um það bil 28% notuðu blandaðan framburð í Eyjafjarðarsýslu. Í rannsókn RÍN var tíðni *bð/gð*-framburðarins gefin meðaleinkunnina 110 (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, e.d.).

Einkenni *bð/gð*-framburðarins eru að þeir sem hafa þetta framburðareinkenni bera lokhljóð fram á undan /ð/ í staðinn fyrir önghljóð sem er mun algengara. Í framburðinum eru einnig víxl milli lokhljóða og önghljóða. Þeir sem hafa þennan framburð bera fram orð eins og hafði og sagði sem [hapði] og [sakði]. Meirihlutinn ber þessi orð hins vegar fram sem [havði] og [sayði]. Ef orðin væru stafsett eftir þessum framburði fengjum við ritmyndir á borð við *habbði* og *saggði* (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, e.d.). Framburðinn er einnig

kallaður lokhljóðaframburður þar sem einkenni framburðarins eru þau að lokhljóð koma skýrt fram í stað öngljóða. Andstæða *bð/gð*-framburðarins er öngljóðaframburður sem meirihluti landsmanna notar í talmáli (Kristján Árnason, 2005: 378).

Líklega er *bð/gð*-framburðurinn ekki upprunalegur í málinu. Í elstu íslensku heimildum stóðu /f/ og /g/ líklega fyrir öngljóð í orðum á borð við hafði og sagði. Í *bð/gð*-framburðinum varð breyting þar sem öngljóðin á undan /ð/ lokhljóðuðust. Þó er líklegt að orðin *tryggð* og *byggð* hafi verið borin fram með lokhljóðum í fornu máli. Þó að líklegt sé að *bð/gð*-framburðurinn sé nýjung, ef miðað er við fornmálið, hefur hann verið útbreiddari fyrr á tímum. Til eru heimildir frá 19. og 20. öld um framburðareinkennið á ýmsum stöðum á landinu. Framburðurinn náði þó aldrei útbreiðslu um land allt. Í þessum heimildum kom einnig fram að fræðimenn hafi talið að um um mállýskumun hafi verið að ræða í tilviki *bð/gð*-framburðarins. *Bð/gð*-framburðurinn er ekki eina tilvik nýjungar í íslenska tungumálinu. Flámæli er einnig dæmi um nýjung í íslensku, en er í dag nánast horfið úr tungumálinu. Í dag finnst *bð/gð*-framburðurinn aðeins hjá elstu kynslóðinni og er á hröðu undanhald (Kristján Árnason, 2005: 378). Líklega mun þó *bð/gð*-framburðurinn hverfa með þeirri kynslóð sem enn hefur þetta einkenni í máli sínu, í mjög takmörkupum mæli.

5. Athugun á rödduðum framburði og *bð/gð*-framburði

Tilgangur rannsóknarinnar var að komast að því hvort *bð/gð*-framburðurinn og raddaði framburðurinn fyndist að einhverju marki enn á þekktu kjarnasvæði, hvort búsetusaga einstaklinga skipti máli og hvort einhver breytileiki væri milli málhafa og í máli einstakra málhafa. 13 einstaklingar tóku þátt í rannsókninni. Allir þátttakendur nema einn voru frá Norðurlandi. Sá sem ekki var að norðan flutti þó þriggja ára frá Vestfjörðum til Akureyrar með fjölskyldu sinni. Þátttakendurnir voru frá Akureyri, Fnjóskadal, Skagafirði, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppi og Grenivík. Þátttakendurnir voru á breiðu aldursbili eða á aldrinum 67 ára til 90 ára. Ástæðan fyrir því að þetta aldursbil var valið var sú að höfundur þótti líklegast að *bð/gð*-framburðurinn og raddaði framburðurinn myndu finnast hjá einstaklingum á þessum aldri. Kynjaskipting var nokkuð jöfn en sjö karlar og sex konur tóku þátt í rannsókninni. Hér verða þó orðin *einstaklingur* og *þátttakandi* og þar af leiðandi persónunafnið hann notað um alla þátttakendur til að draga síður athyglina að persónugreinanlegum atriðum.

Önnur mállýskueinkenni sem fundust við gerð þessarar rannsóknar voru meðal annars harðmæli, allir þátttakendurnir voru harðmæltir, og *ngl*-framburðurinn. Þar sem þátttakendurnir voru norðlenskir kemur það ekki á óvart að þessi framburðareinkenni hafi

fundist ásamt raddaða framburðinum og *bð/gð*-framburðinum. Þó kom á óvart að sumir þátttakendur báru nafnið *Bjarni* fram með /rn/ hljóði en ekki lokhljóðinu /t/. Þetta er einkenni *rn/rl*-framburðarins sem á kjarnasvæði sitt í Austur-Skaftafellssýslu og er nú nánast horfinn (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, e.d.). Ef til vill hefur þetta komið til vegna ofvöndunar hjá þessum einstaklingum og þarf ekki að vera einkennandi fyrir mál þeirra. Ofvöndun er þegar einstaklingar vanda mál sitt of mikið, t.d. þannig að þeir miða framburð um of við stafsetningu. Þátttakendurnir voru teknir upp við lesturinn og vissu að verið var að taka þá upp. Kannski hafa þeir þess vegna fundið fyrir ákveðnum þrýstingi um að vanda sig ofurvel. Einnig var misjafnt hvort þátttakendur báru orð á borð við *buxur* fram með lokhljóðinu /k/ á undan /s/ eða með öngljóði á undan /s/.

Í rannsókninni voru þátttakendur fengnir til að lesa tvo texta, skoða myndir og segja hvað þeir sæju á þeim. Þessir textar voru einnig notaðir í RÍN og RAUN. Í textunum voru orð sem einkenni vissra framburðareinkenna komu fram í orðum eins og *hægðu, sagði, hafði, maður, stúlka* og *úlpa*. Myndirnar voru einnig af hlutum sem höfðu heiti sem höfðu einkenni vissra framburðareinkenna eins og *vinkill, maður, svunta, höfði* og *mjólk*. Annar textinn kallast *Bjarni blaðberi*, í honum var lögð áhersla á að finna einkenni allra mállýskna á Íslandi. Hinn textinn kallast *Norðurlandsmót* og í honum er lögð áhersla á að finna sérnorðlensk einkenni eins og *bð/gð*-framburðinn, raddaða framburðinn, *harðmæli* og *ngl*-framburðinn. Báða textana er að finna aftast í viðauka ritgerðarinnar. Upplestur þátttakendanna var tekinn upp. Við upptökuna var hljóðnemi frá Yeti notaður. Síðar var hlustað á upptökurnar og framburðareinkenni hvers og eins skráð niður og gefin stig frá 100 til 200. Ef engin merki framburðareinkennana fannst fékk þátttakandinn einkuninna 100. Ef framburðareinkennin voru áberandi í máli þátttakandans fékk hann einkuninna 200. Ef þátttakandinn var með blandaðan framburð fékk hann einkuninna 150. Þegar verið er að heimsækja fólk, eins og höfundur ritgerðarinnar gerði, er óhjákvæmilegt að eiga í samræðum við einstaklingana sem verið er að heimsækja. Í þessum samræðum komu fram orð sem höfðu einkenni raddaða framburðarins og *bð/gð*-framburðarins. Þessi orð voru einnig skrifuð niður.

6. Niðurstöður

Margt forvitnilegt kom í ljós sem fjallað verður um í þessum kafla. Kaflanum er skipt niður í nokkra undirkafla. Bæði framburðareinkennin fundust en 12 af 13 þátttakendum voru með raddaðan framburð og fimm af 13 þátttakendum voru með *bð/gð*-framburðinn. Einnig báru nokkrir einstaklingar fram raddað /l/ á undan /t/ en það var ekki áberandi. Tveir fyrstu kaflarnir

fjalla um niðurstöður fyrir raddaða framburðinn og *bð/gð*-framburðinn. Í lok þessara kafla eru töflur sem gefa góða yfirsýn um hvernig framburðareinkennin komu fram í máli þátttakendanna.

6.1 Niðurstöður fyrir raddaða framburðinn

Fjórir af þátttakendunum voru fæddir og uppaldir á Eyjafjarðarsvæðinu. Þrír af þeim voru frá Akureyri og einn úr sveit í Eyjafirði. Allir þessir einstaklingar höfðu raddaðan framburð. Enginn þeirra var þó með hreinan raddaðan framburð. Algengast var að /ð/ væri raddað á undan /k/ og /n/ á undan /p, t, k/. Í máli eins einstaklings frá Akureyri var raddað /ð/ á undan /k/ mjög áberandi. Sá einstaklingur raddaði einnig /n/ og /m/ á undan /p, t, k/ en þó var það misjafnt eftir orðum. Í orðum eins og *aumka*, *skemmtileg*, *hentist* og *rankaði* voru /n/ og /m/ rödduð. Hins vegar voru /n, m/ órödduð í orðum eins og *samt*, *heimta*, *slæmt* og *skvampa*. Hljóðið /l/ var aldrei raddað á undan /t/ í máli þessa einstaklings. Einnig var /l/ ekki raddað á undan /k/. Hins vegar var /l/ raddað á undan /p/ í orðinu *hvolpur*.

Í máli annars einstaklings frá Akureyri var raddað /n/ á undan /t/ mest áberandi. Þó var /n/ ekki raddað á undan /t/ í öllum tilvikum. Í orðum eins og *lenti*, *sent* og *benti* var /n/ ekki raddað en í orðum eins og *svunta*, *mynt* og *væntanlega* var /n/ raddað á undan /t/. Í upplesnu textunum kom röddun fram í orðunum *liðka*, *rauðka* og *samt*. Orðið *samt* kom þó þrisvar fyrir í textunum og /m/ var aðeins raddað í eitt skipti. Í öllum tilvikum var /l/ óraddað í máli einstaklingsins. Raddaði framburðurinn var ekki áberandi í máli þessa einstaklings.

Þriðji Akureyringurinn var með tiltölulega áberandi raddaðan framburð. Raddað /ð/ á undan /k/ var mjög áberandi í máli þessa einstaklings og var raddað í öllum tilvikum, Raddað /l/ á undan /k/ var einnig áberandi í máli hans. Þó var /l/ aldrei raddað á undan /k/ í orðunum *fólk* og *fylki*. Rödduð /m/ og /n/ voru algeng í máli hans. Þó voru orð á borð við *Bankastræti*, *slæmt*, *vantaði* og *skemmtileg* borin fram með órödduðu /m/ og /n/. Raddað /l/ á undan /t/ kom fyrir í einu orði í máli þátttakandans en það var orðið *mælt*. Raddað /l/ kom aldrei fyrir á undan /t/ í orðinu *bolti*.

Í máli fjórða einstaklingsins sem kemur frá Eyjafjarðarsvæðinu var raddað /ð/ á undan /k/ mest áberandi. Fram komu fimm orð þar sem /ð/ var á undan /k/. Röddun á /ð/ kom fram í fjórum orðum en þau voru *iðka*, *liðka*, *rauðka* og *maðkur*. Eina orðið þar sem /ð/ var ekki raddað á undan /k/ var í orðinu *blíðka*. Raddað /n/ á undan /t/ kom einu sinni fyrir raddað í orðinu *benti*. Hljóðin /l/ og /m/ komu aldrei fyrir rödduð. Röddun í máli þessa einstaklings var því minnst af öllum þátttakendunum frá Eyjafjarðarsvæðinu. Þar af leiðandi kemur ekki á óvart

að raddað /ð/ á undan /k/ hafi verið mest áberandi hjá honum þar sem það er algengasta einkenni raddaða framburðarins.

Fimm aðrir þátttakendur rannsóknarinnar hafa búið á Akureyri hluta ævi sinnar. Eins og áður kom fram flutti einn þátttakandinn þriggja ára frá Vestfjörðum til Akureyrar. Hann var sá eini sem ekki hafði raddaðan framburð. Ekki kemur það á óvart þar sem foreldrar hans voru að vestan og raddaði framburðurinn finnst ekki þar. Þar af leiðandi hefur málumhverfið hans ekki haft raddaðan framburð og utanaðkomandi áhrif raddaða framburðarins hafa líklega ekki verið nógu sterk. Ekki fundust nein merki um vestfirskar mállýskur eins og vestfirska einhljóðaframburðinn í máli hans. Hins vegar var hann harðmæltur. Ef til vill sýnir þetta fram á að áhrif harðmælis eru sterkari í eyfirsku málsamfélagi en áhrif raddaða framburðarins.

Annar þátttakandi hafði lengi búið á Akureyri en kom upphaflega frá Skagafirði. Í Skagafirði hefur raddaði framburðurinn komið fram en ekki í eins miklum mæli og á Norðausturlandi og er á hröðu undanhaldi þar (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 1986). Þátttakandinn var með blandaðan raddaðan framburð. Eina röddunin sem kom fram í máli þessa einstaklings var raddað /ð/ á undan /k/ í orðum á borð við *rauðka* og *iðka*. Þó var /ð/ ekki raddað á undan /k/ í orðinu *blíðka*. Rödduð /n/ og /m/ komu aldrei fyrir á undan /p, t, k/ í máli þessa einstaklings.

Þrjár af þessum fimm þátttakendum sem höfðu á einhverjum tímapunkti átt heima á Akureyri áttu ættir að rekja til Grenivíkur. Grenivík er þorp sem staðsett er í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Einn þátttakandinn var uppalinn í Grýtubakkahreppi en hefur búið á Akureyri lengst af. Í máli þessa einstaklings voru /n, m/ í flestum tilvikum rödduð á undan /p, t, k/. Einu orðin þar sem þessi hljóð voru ekki rödduð var í orðunum *lenti* og *samt*. Raddað /l/ á undan /k/ kom fram í sumum orðum eins og *fólk* en í öðrum orðum eins og *fylki* kom röddun ekki fram. Þegar þátttakandinn las upp úr textunum var /l/ á undan /t/ ekki raddað. Þegar hann sá mynd af *bolta* og sagði hann *bolti* með rödduðu /l/ á undan /t/.

Annar þátttakandi flutti þriggja ára frá Grenivík til Akureyrar og fluttist svo aftur til Grenivíkur á unglingsárum og hefur búið þar síðan. Raddaði framburðurinn var mjög áberandi hjá þessum einstaklingi. Hljóðönnin /l, m, n/ voru í nánast öllum tilvikum rödduð á undan /p, t, k/. Aðeins í einu tilviki var /l/ ekki raddað á undan /k/ en það var í orðinu *skelkur*. Í öllum tilvikum var /ð/ raddað á undan /k/. Raddað /l/ á undan /t/ var þó ekki áberandi og kom aðeins einu sinni fyrir, í orðinu *bolti*, þegar þátttakandinn var að segja hvað væri á myndunum. Raddað /l/ á undan /t/ kom ekki fram í upplestri.

Þriðji þátttakandinn hefur átt heima stóran hluta ævi sinnar á Akureyri en ólst upp á Grenivík. Þátttakandinn flutti til Akureyrar á fullorðinsárum sínum og hefur búið þar síðan. Í

máli þessa einstaklings var raddaði framburðurinn tiltölulega áberandi. Í öllum tilvikum voru hljóðin /m/ og /n/ rödduð á undan /p, t, k/. Hljóðanið /l/ var aðeins í einu tilviki raddað á undan /p, t, k/ en það var í orðinu *fólk*. Í orðum eins og *mjólk*, *stúlka*, *stelpa* og *fylki* var /l/ ekki raddað. Röddun /l/ á undan /t/ kom aldrei fyrir. Misjafnt var hvort raddað /ð/ á undan /k/ kæmi fram. Í orðum á borð við *liðka* og *iðka* var /ð/ raddað á undan /k/ en í orðum á borð við *rauðka* og *blíðka* var /ð/ ekki raddað á undan /k/.

Þessi einstaklingur á tvö systkini sem einnig tóku þátt í rannsókninni. Hvorugt þeirra flutti frá Grenivík og bæði voru með meira áberandi raddaðan framburð. Annað systkinið hafði mjög áberandi raddaðan framburð. Í tveimur tilvikum var /l/ óraddað á undan /k/ í orðunum *skelkinn* og *fylki*. Raddað /l/ kom tvisvar fyrir á undan /t/ í máli þessa einstaklings. Í fyrra tilvikinu leiðrétti einstaklingurinn sig þegar hann las upp úr texta. Hann bar orðið fyrst fram með rödduðu /l/ á undan /t/ en virðist svo leiðréttast sig og bar orðið þá fram með órödduðu /l/ á undan /t/. Í seinna skiptið þar sem raddað /l/ kom fram á undan /t/ var þegar þátttakandinn var að benda á myndir og segja hvað væri á þeim.

Hitt systkinið er elst í systkinahópnum. Sá einstaklingur var með áberandi raddaðan framburð. Einu tilvikin þar sem rödduð hljóð komu ekki fram voru í orðum þar sem /l/ fór á undan /t/. Röddun kom þó fram í orði með hljóðunum *-lft* en það var orðið *Álftagerði*. Systkinin sem fluttu ekki frá Grenivík höfðu einnig *bð/gð*-framburðinn en systkinið sem flutti frá Grenivík er ekki með *bð/gð*-framburðinn. Stefán Einarsson nefndi í rannsókn sinni árið 1930 að flutningar og breytt búseta gætu valdið breytingum í máli fólks (Stefán Einarsson, 1932). Ef til vill hefur systkinið sem fluttist á brott orðið fyrir áhrifum frá nýja málsvæðinu og það gæti verið ástæðan fyrir því að raddaði framburðurinn er ekki eins áberandi hjá því og að það hafi ekki *bð/gð*-framburðinn.

Tveir þátttakendur áttu ættir að rekja til Fnjóskadals í Suður-Þingeyjarsýslu. Annar þeirra hafði þó búið í Grýtubakkahreppi og á Grenivík í mörg ár. Hjá þeim einstaklingi var raddað /ð/ á undan /k/ mjög áberandi. Aðeins einu sinni var /ð/ ekki raddað á undan /k/ en það var í orðinu *blíðka*. Rödduð /l, m, n/ á undan /p, t, k/ voru einnig áberandi í máli þessa einstaklings en þó kom fyrir að þessi hljóð voru órödduð. Hljóðanið /l/ var aldrei raddað á undan /t/. Í orðum á borð við *vantaði*, *slæmt* og *heimtuðu* þar sem /n/ og /m/ voru á undan /t/ voru /n/ og /m/ nánast alltaf rödduð. Einu tilvikin þar sem /n/ og /m/ voru ekki rödduð á undan /t/ voru í orðunum *fimmtán* og *kantur*. Misjafnt var hvort /n/ og /m/ voru rödduð á undan /p/ og /k/. Í orðum á borð við *skvampa* og *frænka* voru /n/ og /m/ ekki rödduð á undan /p/ og /k/ en í orðum á borð við *Bankastræti* var /n/ raddað á undan /p/. Röddun á /l/ á undan /p/ og /k/ var mjög áberandi. Eina orðið þar sem /l/ var óraddað á undan /p/ og /k/ var í orðinu *stelpa*. Í orðum á borð við *stúlka*,

úlpa, fylki, hvolpur og *fólk* var /l/ raddað. Raddað /l/ kom aldrei fram á undan /t/. *bð/gð*-framburðurinn var mjög áberandi í máli þessa einstaklings.

Hinn Fnjóskdælingurinn var einnig með nokkuð áberandi raddaðan framburð. Í flestum tilvikum var /n/ og /m/ raddað á undan /t/. Eina tilvikið þar sem /n/ var ekki raddað á undan /t/ var í orðinu *hentist* en í öllum öðrum tilvikum var /m/ raddað á undan /t/. Einnig var /m/ raddað á undan /p/ í öllum tilvikum. Einnig var /m/ raddað í öllum tilvikum á undan /k/. Raddað /ð/ var áberandi í máli einstaklingsins og kom fyrir í öllum tilvikum. Raddað /l/ á undan /t/ kom einu sinni fyrir hjá þessum einstaklingi en það var í orðinu *mælt*.

Greinilegt er að raddaði framburðurinn er til staðar í máli flestra sem tóku þátt í rannsókninni. Framburðurinn var misjafnlega áberandi í máli þátttakendanna. Aðeins einn þátttakendanna var ekki með raddaðan framburð. Framburðareinkennið var meira áberandi hjá þeim einstaklingum sem komu frá svæðum Suður-Þingeyjarsýslu en þeim sem komu frá svæðum Eyjafjarðarsýslu. Fyrir fram var búist við að *lt*-framburðurinn yrði ekki eins áberandi og raddaður framburður án raddaðs /l/ á undan /t/. Hjá flestum kom afbrigðið aðeins fram í einu orði. Þar af leiðandi kom ekki á óvart að raddað /l/ á undan /t/ hafi ekki verið áberandi í máli þátttakendanna. Samkvæmt þessum niðurstöðum virðist raddaði framburðurinn vera í góðri stöðu í máli eldri einstaklinga.

Hér að neðan má sjá töflur sem gefa góða yfirsýn yfir hvernig röddun á /n, m, l, ð/ kemur fram í máli þátttakendanna. Hver tafla tekur sérstakt hljóð fyrir. Fyrsta taflan sýnir addað /l/ en ein og sést voru fjórir einstaklingar sem báru aldrei fram raddað /l/. Önnur taflan sýnir raddað /n/ og eins og sést á töflunni er raddað /n/ nokkuð áberandi í máli þátttakendanna. Þriðja taflan sýnir raddað /m/ sem einnig er áberandi í máli þátttakenda. Fjórða taflan sýnir raddað /ð/ sem frekar algengt meðal þátttakendanna. Fimmta taflan sýnir *lt*-framburðinn og *lft*-röddun.

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
Mjólk	200	200	100	100	100	200	200	200	200	100	100	100	100
Úlpa	150	200	100	200	100	200	200	200	200	100	100	100	200
Hvolpur	200	100	100	200	100	200	100	200	200	100	100	100	100
Álpaðist	200	100	100	100	200	200	200	200	200	100	100	100	100
Stelpa	200	100	100	100	100	200	100	200	200	100	100	100	100
Úlpu	200	200	100	200	100	200	200	200	200	100	100	100	200
Fólk	200	200	100	150	200	200	200	200	200	100	100	100	100
Stúlku	100	200	100	100	100	200	200	200	200	100	100	100	200
Fylki	200	100	100	100	100	100	100	100	200	100	100	100	100
Skelkinn	200	200	100	200	100	100	100	100	200	100	100	100	200
Stúlka	100	100	100	100	100	200	200	200	200	100	100	100	200
Meðaleink.	177.27	154.54	100	140.90	118.18	181.81	163.63	181.81	200	100	100	100	145.45

Tafla 1, raddað /l/

Í töflu eitt er fjallað um raddað /l/. Greinilegt er að raddað /l/ er misalgengt í máli þátttakendanna. Þátttakendur númer 3, 10, 11 og 12 bera til dæmis aldrei fram raddað /l/. Þátttakandi númer átta ber hins vegar fram raddað /l/ í öllum tilvikum. Þátttakendur 1, 6, 7 og 8 eru einnig með háa meðaleinkunn. Meðaleinkunn þátttakenda númer fimm og fjögur eru undir 150. Þátttakendur númer tvö og 13 ná svo rétt yfir 150

	1	2	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
Lenti	200	200	100	200	100	200	200	200	100	100	100	150
Senti	150	200	100	200	150	200	200	200	100	100	100	200
Benti	200	100	100	200	200	200	200	200	100	100	100	100
Vantaði	200	200	100	200	200	200	200	200	100	100	100	100
Bankastræti	200	100	150	200	200	200	200	200	100	100	100	100
Prentsmiðjan	200	200	200	200	200	200	200	200	100	100	100	100
Frænka	100	150	150	200	200	200	200	200	100	100	100	200
Kanti	100	200	100	200	150	200	200	150	100	100	100	200
Minntist	200	100	100	200	200	200	200	200	100	100	100	100
Hentist	200	100	200	200	200	200	200	200	100	100	100	100
Rankaði	200	100	200	200	200	200	200	200	100	100	100	200
Tannki	200	200	200	200	100	200	200	200	100	100	100	100
Mint	200	100	200	150	150	200	200	200	200	100	100	200
Vinkill	200	100	200	200	200	200	200	200	100	100	100	100
Svunta	200	200	200	200	200	200	200	200	200	100	100	100
Meðaleink.	183.33	150	153	196.66	176.66	200	200	196.44	113.33	100	100	136.66

Tafla 2, raddað /n/.

Tafla tvö sýnir raddað /n/. Raddað /n/ er greinilega mun algengara en raddað /l/. Aðeins þátttakendur 3, 11 og 12 báru ekki fram raddað /n/. Þátttakendur sjö og átta báru fram raddað /n/ í öllum tilvikum. Þátttakendur 10 og 13 voru með meðaleinkunn undir meðallagi. Raddað /n/ var því ekki áberandi í máli þeirra. Þátttakendur 4 og 2 voru með meðaleinkuninna 150 og 153 og voru því rétt svo yfir meðallagi. Þátttakendur 1, 6, 5 og 9 voru allir með háa meðaleinkunn þegar kom að rödduðu /n/.

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
Svampur	200	100	100	100	200	200	200	200	200	200	100	100	100
Fimmtán	100	200	100	150	200	200	200	200	200	100	100	100	100
Samt	150	200	100	100	200	200	200	200	200	150	100	100	150
Skvampa	100	100	100	100	200	200	200	200	200	100	100	100	200
Slæmt	150	100	100	100	200	200	200	200	200	100	100	100	100
Heimtuðu	200	100	100	100	200	200	200	200	200	100	100	100	150
Aumkuðu	200	200	100	200	200	200	200	200	200	100	100	100	200
Skemmtileg	200	100	100	200	200	200	200	200	200	100	100	100	100
Aumkunarverður	100	200	100	200	200	200	200	200	200	100	100	100	200
Fimmtí	200	200	100	200	200	200	200	200	200	100	100	100	100
Glampandi	200	200	100	200	200	200	200	200	200	100	100	100	200
Meðaleinkun	163.63	154.54	100	150	200	200	200	200	200	113.63	100	100	144.45

Tafla 3, raddað /m/

Tafla þrjú sýnir raddað /m/. Raddað /m/ var mjög áberandi í máli þátttakenda 5, 6, 7, 8 og 9 og fengu þeir fullt hús stiga. Raddað /m/ var ekki ein áberandi í máli hinna þátttakendanna. Þátttakandi 1 var með meðaleinkunina 160 og þátttakandi 2 var með meðaleinkunnina 150. Aðrir þátttakendur voru með meðaleinkun undir 150.

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
Iðka	200	200	200	200	200	200	200	200	200	100	200	100	200
Liðka	200	100	200	200	200	200	200	200	200	200	200	100	200
Blíðka	100	150	100	200	100	200	200	200	200	100	100	100	200
Rauðka	200	200	200	200	100	200	200	200	200	200	200	100	200
Maðkur	200	200	200	200	200	200	200	200	200	100	100	100	200
Meðaleink.	180	170	180	200	160	200	200	200	200	140	160	100	200

Tafla 4, raddað /ð/.

Tafla fjögur sýnir um raddað /ð/. Allir nema einn þátttakandi báru fram raddað /ð/. Þó var raddað /ð/ misáberandi í máli þátttakendanna. Þátttakendur 4, 6, 7, 8, 9 og 13 voru allir með meðaleinkuninna 200. Þátttakendur eitt, tvö og þrjú voru allir með háar meðaleinkunnir. Þátttakendur fimm og 11 voru báðir með meðaleinkunnina 160. Þátttakendur fimm, 10 og tólf voru þeir einu sem voru með meðaleinkun undir 150.

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	10	11	12	13
Handbolta	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
Fótbolta	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
Álftagerði	200	100	100	100	200	200	100	200	150	100	100	100	100	100
Mælt	100	100	100	100	100	100	100	200	100	100	100	100	100	200
Álft	100	100	100	100	200	200	100	100	100	100	100	100	100	100
Tólfti	200	200	100	200	100	200	100	150	100	100	100	100	100	100
Bolti	100	100	100	100	100	200	200	200	100	100	100	100	100	100
Hanbolta- liðið	100	100	100	100	100	100	200	100	100	100	100	100	100	100
Meðaleink	125	112.5	100	112.5	125	150	125	143.75	106.25	100	100	100	100	112.5

Tafla 5, -lt og -lft

Tafla fimm sýnir *-lt* og *-lft*. Eins og sést á töflunni eru þessi afbrigði ekki áberandi í máli þátttakendanna. Meðaleinkunnir allra þátttakendanna eru allar undir 150. Þátttakandi átta er með hæstu meðaleinkuninni sem er 143,75. Fjórir einstaklingar báru aldrei fram raddað í í orðum á borð við *álft* og *bolti*. Þar sem þetta eru sjaldgæfustu einkenni raddaða framburðarins koma þessar niðurstöður ekki á óvart.

6.2 Niðurstöður fyrir bð/gð-framburðinn

Bð/gð-framburðurinn er kenndur við Norðurland. Fimm af þrettán þátttakendum voru með *bð/gð*-framburðinn, þrjár konur og tveir karlmenn. Þessir einstaklingar áttu ættir sínar að rekja til Grýtubakkahrepps, Fnjóskadals og Grenivíkur. Orðin sem komu fram í rannsókninni og drógu fram einkenni *bð/gð*-framburðarins voru *höfði*, *hafði*, *hægðu*, *sögð* og *sagði*. Algengast var að framburðurinn kæmi fram í orðunumi *sagði* og *sögð*. Framburðurinn kom aldrei fram í orðinu *höfði*. Einnig komu orð á borð við *ánægð* og *beygði* fram aukalega í samtölum við suma einstaklingana. Þessi aukaorð komu fram í samtölum við þá einstaklinga sem voru með mest áberandi *bð/gð*-framburð

Eins og áður kom fram tóku þrjú systkini þátt í rannsókninni. Þessi systkini voru uppalin á Grenivík. Eitt þeirra fluttist til Akureyrar og tvö þeirra bjuggu áfram á Grenivík. Systkinið sem flutti til Akureyrar hafði ekki *bð/gð*-framburðinn. Systkinin sem bjuggu áfram á Grenivík voru hins vegar með *bð/gð*-framburðinn. Athyglisvert var þó að *bð/gð*-framburðurinn fannst ekki hjá öðru systkininu þegar það las upp og benti á myndir. *Bð/gð*-framburðurinn kom aðeins fram í samtölum, í eitt skipti náðist á upptöku þegar systkinið sagði *sagði hebbði* í samtali við annan einstakling. Önnur orð sem ekki náðust á upptöku en sýndu fram á að greinlegt var að einstaklingurinn var með *bð/gð*-framburðinn voru orðin *ánægð* og *sagði*. Björn Guðfinnsson vildi ekki nota upplestraraðferðina þegar hann var að skoða mál fullorðinna einstaklinga þar sem hann var hræddur um að þeir væru líklegir til að breyta máli sínu (Björn Guðfinnsson, 1946: 134). Ef til vill gerðist það hjá þessum einstaklingi þar sem hann leiðrétti sig einnig þegar

hann bar fram raddað /l/ á undan /t/ í eitt skipti þegar hann var að lesa textana. Framburðurinn kom skýrt fram hjá þriðja systkininu bæði í upplestri, þegar viðkomandi var að benda á myndir og í samtölum. *Bð/gð*-framburðurinn kom fram í orðum eins og *hefði*, *sagði*, *sögð* og *beygði*. Framburðurinn kom ekki fram í orðunum *hægðu* og *hafði*.

Einn af þátttakendunum sem voru með *bð/gð*-framburðinn var aðeins 67 ára og átti ættir að rekja til Grýtubakkahrepps. Fyrir fram var ekki búist við að framburðurinn myndi finnast hjá svo ungum einstaklingi þar sem samkvæmt RÍN fannst *bð/gð*-framburðarins aðallega hjá elstu aldurshópunum á árunum 1980 til 1990. Þessi einstaklingur hefur verið á aldrinum 27 til 37 ára á þeim árum. Framburðurinn kom fram í sagnorðinu *sagði* og lýsingarorðinu *sögð*. Athyglisvert var að einstaklingurinn virtist ekki taka eftir þessu framburðareinkenni í máli sínu en talaði um aðra fjölskyldumeðlimi sem höfðu þennan framburð.

Báðir þátttakendurnir sem áttu ættir að rekja til Fnjóskadals voru með *bð/gð*-framburðinn. Annar þeirra hafði þó búið í mörg ár í Grýtubakkahreppi og á Grenivík. Hjá honum kom *bð/gð*-framburðurinn fram í sagnorðinu *sagði* og lýsingarorðinu *sögð*. Hinn einstaklingurinn sem átti ættir að rekja til Fnjóskadals hafði ekki áberandi *bð/gð*-framburð. Framburðurinn kom aðeins fram í einu orði en það var orðið *hægðu*. Þetta kom höfundi mjög á óvart þar sem önnur orð með *-gð* eins og *sagði* og *sögð* höfðu engin merki um *bð/gð*-framburðinn í máli þessa einstaklings. Í orðinu *hægðu* var *bð/gð*-framburðurinn þó mjög áberandi.

Enginn þátttakendanna sem áttu ættir að rekja til Skagafjarðar eða Eyjafjarðarsvæðisins voru með *bð/gð*-framburðinn. Aðeins einstaklingar frá Fnjóskadal, Grýtubakkahreppi og Grenivík voru með þetta framburðareinkenni. Fnjóskadalur, Grýtubakkahreppur og Grenivík eru í Suður-Þingeyjarsýslu. Ef til vill eiga þessi svæði innan Suður-Þingeyjarsýslu það sameiginlegt að varðveita þetta framburðareinkenni betur en önnur svæði á Íslandi. Samkvæmt RÍN var tíðni *bð/gð*-framburðarins hæst í Suður-Þingeyjarsýslu. Samkvæmt RÍN voru 34% málhafa með hreinan *bð/gð*-framburð og 38% með blandaðan *bð/gð*-framburð á fimmta áratug síðustu aldar. Meðaleinkunn RÍN fyrir framburðinn var 117,5 en metið var á skala frá 100 til 200. Á fimmta áratug síðustu aldar voru 22% málhafa með hreinan raddaðan framburð og 28% með blandaðan *bð/gð*-framburð í Eyjafjarðarsýslu. Meðaleinkunn RÍN fyrir framburðinn var 110 á skala frá 100 til 200. Í Skagafirði voru 14% málhafa með hreinan *bð/gð*-framburð og 28% með blandaðan *bð/gð*-framburð á fimmta áratugnum. Meðaleinkunn RÍN var 117,5 en mikill aldursmunur var þar sem elsti aldurshópurinn var með meðaleinkunina 179 en sá yngsti með meðaleinkunina 101. Greinilegt er að tíðni *bð/gð*-framburðar hefur alltaf verið hæst í Suður-Þingeyjarsýslu og þar af leiðandi kemur ekki á óvart að þeir einstaklingar sem voru með *bð/gð*-framburðinn voru frá svæðum sem eru þar (Höskuldur Þránínsson og Kristján Árnason, e.d.).

Engin merki fundust um sjaldgæfara afbrigði framburðarins þar sem orð á borð við *hafði* og *sagði* eru borin fram sem *haggi* og *saggi* í stað *habbði* og *saggði*. Ekki kom á óvart að færri höfðu *bð/gð*-framburðurinn en raddaða framburðinn í máli sínu. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri rannsóknir. Samkvæmt rannsóknum á borð við RÍN, RAUN og rannsókn Björns Guðfinnssonar er staða raddaða framburðarins mun betri en staða *bð/gð*-framburðarins. Niðurstaða þessarar rannsóknar endurspeglar þær niðurstöður þar sem 12 af 13 þátttakendum voru með raddaða framburðinn en aðeins 5 af 13 voru með *bð/gð*-framburðinn.

Taflan hér að ofan sýnir hvernig *bð/gð*-framburðurinn kom fram í hverju orði fyrir sig hjá

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
Sagði	200	100	100	100	100	100	200	100	200	100	100	100	100
Sögð	200	100	100	100	100	200	100	100	200	100	100	100	100
Hafði	100	100	100	100	100	100	200	100	100	100	100	100	100
Hefði	100	100	100	100	100	100	200	100	200	100	100	100	100
Hægðu	200	200	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
Höfðu	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
Höfðu	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
Sögðu	200	100	100	100	100	200	100	100	200	100	100	100	100
Meðaleink.	150	112,5	100	100	100	125	137,7	100	150	100	100	100	100

Tafla 6, *bð/gð*-framburðurinn

þátttakendunum. Eins og sést hefur enginn þátttakandi alveg hreinan *bð/gð*-framburð. Mun algengara er að framburðurinn komi fram í orðum eins og *sagði*, *sögð* og *hægðu* en *hafði* eða *höfðu*. Björn Guðfinnsson minntist á að *gð*- einkenni framburðarins væri algengara en *bð*- einkenni framburðarins. Af þeim fimm sem höfðu *bð/gð*-framburðinn kom framburðareinkennið fram í fjórum orðum sem er helmingur af heildarfjöldanum. Hjá hinum þátttakendunum kom framburðurinn fram í einu, tveimur og þremur orðum. Þátttakandi númer níu var með hæstu meðaleinkunnina sem var 150.

6.3 Hefur búsetusaga áhrif á mál þátttakendanna?

Í niðurstöðum RAUN kom í ljós að búsetusaga málnotenda hafði áhrif þegar kom að því hversu vel ákveðin mállýskueinkenni héldust (Margrét Lára Höskuldsdóttir, 2013). Í rannsókninni, sem framkvæmd var fyrir þessa ritgerð, kom einnig í ljós að búsetusaga virðist skipta máli þegar kemur að breytileika milli málhafa að einhverju leyti. Systkinin þrjú eru gott dæmi um það. Framburður systkinanna sem bjuggu áfram á Grenivík var líkari en framburður systkinis

sem flutti til Akureyrar. Til dæmis fannst meiri röddun hjá systkinunum sem bjuggu áfram á Grenivík þó ekki væri mikill munur. Þá höfðu systkinin sem bjuggu áfram á Grenivík *bð/gð*-framburðinn en ekki systkinið sem flutti til Akureyrar. Erfitt er þó að segja til um hvort systkinið hafi verið með *bð/gð*-framburð áður en það fluttist til Akureyrar þar sem margir málhafar gera sér ekki alltaf grein fyrir sérstökum einkennum í máli sínu. Þar af leiðandi er enn ólíklegra að þeir geri sér grein fyrir hvernig mál þeirra var fyrir 40 til 50 árum.

Þeir einstaklingar sem áttu ættir að rekja til Grenivíkur, Grýtubakkahrepps og Fnjóskadals voru með meira áberandi raddaðan framburð en þeir sem áttu ættir að rekja til Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins. Ef til vill spilar aldur inn í það að einhverju leyti. Þó var aldurskipting milli búsetusvæða frekar jöfn, það er að segja að yngstu þátttakendurnir voru ekki allir frá Eyjafjarðarsvæðinu og ekki voru allir þeir elstu frá Suður-Þingeyjarsýslu. Elstu þátttakendurnir voru 90 ára og 91 ára. Einn þeirra hafði búið allt sitt líf í Suður-Þingeyjarsýslu, annar hafði búið allt sitt líf í Eyjafirði og sá þriðji hafði ýmist búið í Skagafirði eða á Akureyri. Þetta átti einnig við um yngstu þátttakendurna en þeir voru ýmist frá Akureyri, Eyjafjarðarsveit eða Grýtubakkahreppi.

Eins og fram hefur komið áttu allir þeir sem voru með *bð/gð*-framburðinn ættir að rekja til svæða í Suður-Þingeyjarsýslu. Aðeins einn af þeim sem voru með *bð/gð*-framburðinn hafði flust á svæði utan Suður-Þingeyjarsýslu en sá einstaklingur flutti til Akureyrar. Þó að þessi einstaklingur hafi búið mestan part af fullorðinsárum sínum á Akureyri virðist hann ekki hafa orðið fyrir áhrifum frá málumhverfinu á þann hátt að *bð/gð*-framburðurinn hafi horfið úr máli hans. Aðrir höfðu annaðhvort aldrei flust frá æskulóðum sínum eða flust til svæða innan Suður-Þingeyjarsýslu.

Aðeins einn einstaklingur sem tók þátt í rannsókninni var hvorki með raddaða framburðinn né *bð/gð*-framburðinn. Sá einstaklingur var ættaður frá Vestfjörðum en fluttist til Akureyrar þegar hann var þriggja ára. Framburður hans bar þó engin merki mállýskna sem eru einkennandi fyrir Vesturland. Þó að hann hafi alist upp á Akureyri höfðu foreldrar hans engin einkenni raddaða framburðarins eða *bð/gð*-framburðarins þar sem þau voru að vestan. Því er ekki skrítið að hann hafi ekki þessi framburðareinkenni í máli sínu. Þó var hann harðmæltur sem sýnir ef til vill fram á að áhrif harðmælis í norðlensku málumhverfi er mun meira en áhrif raddaða framburðarins eða *bð/gð*-framburðarins. Þó kemur það ekki á óvart þar sem tíðni raddaða framburðarins er mun hærri en tíðni raddaða framburðarins og *bð/gð*-framburðarins.

6.4 Breytileiki í máli þátttakendanna

Breytileiki fannst í máli nokkurra einstaklinga. Sumir báru til dæmis ýmist fram óraddað og raddað /l/ fram á undan /k/ í orðinu fólk. Þeir einstaklingar sem báru fram raddað /l/ á undan /t/ gerðu það ekki í öllum tilvikum. Í mörgum tilvikunum þar sem /l/ kom fram raddað á undan /t/ voru þátttakendurnir að benda á myndi af boltum. Sjaldan kom fram raddað /l/ á undan /t/ í orðunum *handbolti* og *fótbolti*, sem voru lesin upp af texta, hjá þessum sömu einstaklingum. Raddað /l/ á undan /t/ kom tvisvar fram í upplestri en það var í orðinu mælt en þeir einstaklingar voru ekki með *lt*-framburð að öðru leyti.

Hjá nokkrum þátttakendum var einnig mismunur á milli orða þegar kom að röddun /m, n, ð/. Einn einstaklingur bar til dæmis fram raddað /n/ á undan /t/ í orðinu *vætanlega* en óraddað /n/ á undan /t/ í orðinu *prentsmiðja*. Annar einstaklingur bar fram raddað /ð/ á undan /k/ í orðunum *liðka* og *iðka* en óraddað /ð/ í orðinu *blíðka*. Tveir einstaklingar báru ýmist fram raddað eða óraddað /m/ á undan /t/ í orðinu *samt* en orðið kom þrisvar sinnum fyrir í textunum.

Eins og áður var fjallað um kom *bð/gð*-framburðurinn ekki fram í máli eins þátttakenda þegar hann var að lesa upp eða benda á myndirnar. Hins vegar kom framburðurinn greinilega fram í samræðum og náðist meðal annars á upptöku. Framburðareinkennið var mjög áberandi í máli þessa einstaklings. Orð á borð við *sagði*, *ánægð* og *hefði* komu meðal annars fram hjá þessum einstaklingi þegar slökkt var á upptökutækjum. Einnig var misjafnt hvort einstaklingurinn bar fram raddað /l/ á undan /t/ og í eitt skipti virtist hann leiðrétt sig þegar hann bar fram raddað /l/ á undan /t/. Mál annars þátttakanda hafði engin merki *bð/gð*-framburðarins þar til hann las upp orðið *hægðu*. Í því orði komu fram greinileg einkenni *bð/gð*-framburðarins. Áður hafði hann lesið upp orðin *sagði* og *sögð* sem bæði hafa hljóðin *-gð* en *bð/gð*-framburðurinn kom ekki fram í þeim orðum. Hjá þremur af þeim sem voru með *bð/gð*-framburðinn kom hann aðeins fram í orðum á borð við *hægðu*, *sögð* og *sögðu* en ekki í orðum á borð við *hafði*, *höfði* og *hefði*.

Málfræðileg atriði skiptu máli að einhverju leyti þegar kom að breytileika í máli þátttakendanna. Til dæmis kom aldrei fram raddað /l/ á undan /t/ fram í orðum á borð við *hollt*. Ástæða þess er sú að *-lt* í hvorukynsmyndinni af *hollt*, sem dregið er af lýsingarorðinu *hollur*, er aldrei borið fram með rödduðu /l/ á undan /t/. Eins og áður hefur komið fram eru reglurnar varðandi hvort /l/ sé raddað á undan /t/ flóknar. Að einhverju leyti stjórnar orðhlutagerð því hvort /l/ verði raddað á undan /t/. Meiri líkur eru á að /l/ verði raddað ef orðhlutaskil eru á milli /l/ og /t/ en í orðum eins og *gult*, sem kemur af orðinu *gulur*, og *heilt*, sem kemur af orðinu

heill, eru dæmi um orð sem hafa orðhlutaskil á milli /l/ og /t/ og þar af leiðandi er /l/ raddað á undan /t/ í þessum orðum í máli sumra (Kristján Árnason, 2005: 372, 373).

6.5 Staða og framtíðarhorfur raddaða- og bð/gð-framburðarins

Staða raddaða framburðarins er mun skárri en staða *bð/gð*-framburðarins. Þó er raddaði framburðurinn á miklu undanhaldi. Rannsókn RÍN og RAUN sýna báðar fram á að tíðni raddaða framburðarins minnkar stöðugt. Samkvæmt RÍN er raddaði framburðurinn algengastur hjá elsta aldurshópnum en sjaldgæfari hjá yngri aldurshópum (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, e.d.). Niðurstöður RAUN sýna fram á svipaða þróun á tíðni raddaða framburðarins. Í rannsókn RAUN, sem rannsakaði mál þátttakenda rannsóknar Björns Guðfinnssonar, kom í ljós að raddaði framburðurinn hafði látið undan síga að verulegu leyti hjá bæði brottfluttum einstaklingum sem tóku þátt í rannsókn Björn og staðföstum einstaklingum sem einnig tók þátt í rannsókn Björns. Þó var brottfall raddaða framburðarins mun meira hjá þeim sem voru brottfluttir. Þetta sýnir að raddaði framburðurinn hefur minnkað í máli einstaklinga sem áður höfðu framburðareinkennið (Margrét Lára Höskuldsdóttir, 2013).

Samkvæmt niðurstöðum RÍN og RAUN er *bð/gð*-framburðurinn nánast horfinn. Samkvæmt RÍN fannst *bð/gð*-framburðurinn hjá minna en 20% málhafa á þeim svæðum sem framburðareinkennið fannst á og fannst að mestu leyti hjá elstu kynslóðinni. *Bð/gð*-framburðurinn var þegar orðinn frekar sjaldgæfur þegar Björn Guðfinnsson framkvæmdi sína rannsókn (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, e.d.). Samkvæmt RAUN var *bð/gð*-framburðurinn nánast horfinn í máli þeirra einstaklinga sem tóku þátt í rannsókn Björns Guðfinnssonar. Í niðurstöðum RÍN kom í ljós að tíðni *bð/gð*-framburðarins var hæst hjá elstu kynslóðinni en í RAUN kom í ljós að framburðareinkennið er einnig að hverfa úr máli elstu kynslóðarinnar (Margrét Lára Höskuldsdóttir, 2013). Í ljósi þessarar stöðu verður að teljast ánægjulegt að *bð/gð*-framburðurinn hafi fundist hjá fimm aðilum sem tóku þátt í rannsókninni sem gerð var fyrir þessa ritgerð. Einnig er ánægjulegt að þessir einstaklingar voru á dreifðu aldursbili.

Út frá rannsókn RAUN er hægt að álykta að tíðni beggja framburðareinkenna muni halda áfram að lækka. Eins og áður kom fram voru þátttakendum RAUN gefin stig á skalanum frá einum til tvo eftir því hversu áberandi ákveðin mállýskueinkenni voru í máli þeirra. Brottfluttir einstaklingar í rannsókn Björns fengu einkunnina 1,76 fyrir raddaðan framburð án raddaðs /l/ á undan /t/ en í RAUN fengu þeir 1,33. Staðfastir fengu einkunnina 1,76 fyrir raddaðan framburð án raddaðs /l/ á undan /t/ í rannsókn Björns en 1,60 í RAUN. Tíðni þeirra málhafa

sem voru með raddað /l/ á undan /t/ var enn lægri í rannsókn Björns og í RAUN. Í rannsókn Björns fengu brottfluttir einstaklingar einkunnina 1,21 fyrir raddaðan framburð með rödduðu /l/ á undan /t/ en hjá RAUN fengu þeir aðeins einkunnina 1,08 (Margrét Lára Höskuldsdóttir, 2013). Þessar niðurstöður benda til þess að raddaði framburðurinn sé á stöðugri niðurleið. RÍN sýnir einnig fram á minnkun á tíðni raddaða framburðarins frá tímum rannsóknar Björns (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, e.d.). Þrjár stórar rannsóknir sýna þar af leiðandi sömu þróun á tíðni raddaða framburðarins en það er að raddaði framburðurinn verður sífellt sjaldgæfari.

Rannsóknin sem framkvæmd var fyrir þessa ritgerð sýndi að raddaði framburðurinn er tiltölulega stöðugur í máli þeirra einstaklinga sem tóku þátt í rannsókninni. Margir sem tóku þátt í rannsókninni voru á svipuðum aldri og þátttakendur RAUN og mældust með áberandi raddaðan framburð. Yngri einstaklingar sem tóku þátt í rannsókninni voru með blandaðri raddaðan framburð. Allir nema einn þátttakandi mældust með raddaðan framburð að einhverju leyti. Þar af leiðandi er hægt að draga þá ályktun að raddaður framburður sé tiltölulega stöðugur í máli eldri málhafa á Norðurlandi.

Framtíðarhorfur *bð/gð*-framburðarins eru mun verri en framtíðarhorfur raddaða framburðarins. Líklegt er að á endanum muni *bð/gð*-framburðurinn hverfa alveg. Á tímum rannsóknar Björns var *bð/gð*-framburðurinn ekki algengur. Brottfluttir fengu einkunnina 1,32 og staðfastir fengu einkunnina 1,41. Í RAUN fengu brottfluttir einkunnina 1,03 en staðfastir fengu einkunnina 1,17 (Margrét Lára Höskuldsdóttir, 2013). Samkvæmt niðurstöðum RAUN finnst *bð/gð*-framburðurinn þar af leiðandi í máli brottfluttra. RÍN sýnir einnig fram á svipaða þróun *bð/gð*-framburðarins (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, e.d.).

Líklega mun ekki mikið finnast af *bð/gð*-framburðinum eftir um það bil 20 ár. Þar af leiðandi er mjög ánægjulegt að framburðareinkennið hafi fundist hjá einstaklingum allt niður í 67 ára aldur. Þar sem þetta framburðareinkenni fannst hjá 67 ára einstaklingi í eins lítilli rannsókn og þessari er ekki ólíklegt að framburðareinkennið geti fundist hjá fleiri málhöfum á svipuðum aldri. Næstyngsti þátttakandinn sem var með *bð/gð*-framburðinn var 70 ára og ólst upp á svipuðum slóðum og sá sem var 67 ára. Þar af leiðandi væri áhugavert að framkvæma stærri rannsókn á einstaklingum frá þessu svæði og eru á svipuðum aldri og þessir einstaklingar. Áhugavert væri að sjá hvort framburðareinkennið leynist hjá fleirum einstaklingum á þessu aldursbili. Þó að *bð/gð*-framburðurinn finnist hjá nokkrum einstaklingum sem eru í yngri aldurshópi en þeir sem hafa hæstu tíðni *bð/gð*-framburðarins í rannsóknnum eins og RÍN þýðir það þó ekki að *bð/gð*-framburðurinn sé ekki í útrýmingarhættu.

6.6.1 Hugsanlegar ástæður fyrir stöðu framburðareinkennana

Eins og fram hefur komið eru raddaði framburðurinn og *bð/gð*-framburðurinn á hröðu undanhaldi. Ástæðurnar fyrir undanhaldi þessara framburðareinkenna gætu verið nokkrar. Bæði framburðareinkennin eru í dag mun algengari í máli eldri kynslóðarinnar en yngri kynslóðarinnar. Í rannsókn Björns Guðfinnssonar, RÍN og RAUN var tekið eftir minnkun á tíðni þessara framburðareinkenna. Þetta bendir til að þróunin á tíðni þessara framburðareinkenna sé stöðug. Hins vegar virðast önnur tilbrigði sem kennd eru við Norðurland, líkt og harðmæli og *ngl*-framburðurinn halda sér mun betur (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, e.d.).

Stefán Einarsson minntist á nokkrar ástæður fyrir því að mál einstaklinga breytist. Hann benti til dæmis á að fólksflutningar gætu haft áhrif. Samkvæmt honum fluttu einstaklingar sem fluttu á milli sveita og héraða málfar sitt með sér. Börn þessara einstaklinga eru svo líkleg til að taka upp svipað mál og foreldrar þeirra höfðu. Þannig útskýrði hann tilkomu óraddaðs framburðar á ýmsum svæðum sem hann kannaði. Einnig minnst hann á að utanaðkomandi áhrif frá kaupstöðum og aðkomumönnum eins og sjómönnum sem koma reglulega á ákveðna staði. Þá minnst hann á áhrif aðfluttra einstaklinga á ákveðin svæði. Hann nefndi sem dæmi prestsfjölskylduna á Valþjófsstað í Fljótssdal. Þar skoðaði hann níu bæi. Á þeim fann hann sex einstaklinga sem töluðu með rödduðum framburði en átta sem höfðu óraddaðan framburð. Stefáni þótti líklegt að prestsfjölskyldan á Valþjófsstað hefði haft áhrif á mál íbúa Fljótssdals. Prestsfrúin var sunnlensk og börn hennar höfðu tekið upp sunnlensk framburðareinkenni. Samkvæmt Stefáni höfðu prestshjónin gert Valþjófsstað að menningarmiðstöð á Austurlandi. Því taldi hann líklegt að sunnlensk áhrif þeirra hafi orðið til þess að hann hafi fundið fleiri einstaklinga þar með óraddaðan framburð en raddaðan. (Stefán Einarsson, 1932). Í kaflanum um rannsóknina kom fram að búseta, flutningar og utanaðkomandi áhrif geti hafa haft áhrif á mál þátttakendanna. Niðurstöður rannsóknarinnar og rannsóknar Stefáns Einarssonar eru því svipaðar þegar kemur að mállýskuáhrifum á þessum svæðum.

Sú staðreynd að harðmæli stendur mun betur en raddaði framburðurinn og *bð/gð*-framburðurinn vekur upp spurninguna „af hverju heldur harðmæli sér betur en raddaði framburðurinn og *bð/gð*-framburðurinn?“ Þessari spurningu er hægt að velta fyrir sér á ýmsa vegu en erfitt er að finna eitt rétt svar. Í tilvikum harðmælis og *ngl*-framburðarins halda þau sér mun betur hjá yngri kynslóðum. Raddaði framburðurinn og *bð/gð*-framburðurinn halda sér hins vegar illa hjá yngri kynslóðinni (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, e.d.). Aldur gæti því átt að einhverju leyti þátt að minnkandi tíðni *bð/gð*-framburðarins og raddaða

framburðarins. Yngri kynslóðin tileinkar sér ekki sömu framburðareinkenni og eldri kynslóðin gerði og því hverfur það framburðareinkenni. Sum málfarseinkenni eru bundin við ákveðna aldurshópa en það er kallað aldursbinding. Til dæmis eru oft ákveðið málfar í tísku hjá unglingum sem eldist svo af þeim. Líklega á það þó ekki við við í tilvikum *bð/gð*-framburðarins og raddaða framburðarins (Höskuldur Þránínsson, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal, 2013).

Harðmæli er mun útbreiddara en raddaði framburðurinn og *bð/gð*-framburðurinn. Harðmæli finnst til dæmis á svæðum Norð-Vesturlands þar sem raddaði framburðurinn og *bð/gð*-framburðurinn finnast varla. Þar af leiðandi kemur það ekki á óvart að tíðni harðmælis séu mun hærri en tíðni raddaða og *bð/gð*-framburðarins. Einnig virðist harðmæli vera forsenda raddaða framburðarins. Með því er átt við að málhafi sem hefur raddaðan framburð er líka harðmæltur. Hins vegar er harðmæltur einstaklingur ekki endilega líka með raddaðan framburð. Þar af leiðandi er raddaður framburður ekki forsenda harðmælis eins og harðmæli er forsenda harðmælis (Kristján Árnason, 2005: 372).

Fleiri ástæður gætu legið á bak við þá staðreynd að tíðni *bð/gð*-framburðarins og raddaða framburðarins minnkar mjög hratt en ekki tíðni harðmælis. Menntun og það sem talið er vera fínna mál gæti til dæmis haft einhver áhrif á tíðni raddaða framburðarins og harðmælis. Í grein Höskulds Þránínssonar og Kristjáns Árnasonar, *Um reykvísku* sem kom út árið 1986, fjalla þeir um marktæk tengsl á milli harðmælis og menntunar í Reykjavík. Samkvæmt greininni eykst tíðni harðmælis samfara meiri menntun hjá íbúum Reykjavíkur. Ekki er þó vitað hvernig hægt er að skýra þetta, en ef til vill búa fleiri menntaðir Norðlendingar í Reykjavík en ómenntaðir (Höskuldur Þránínsson og Kristján Árnason, 1984). Þá má gera ráð fyrir því að margir Norðlendingar sækja suður til Reykjavíkur til þess að mennta sig hjá menntastofnunum á borð við Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur. Eftir nám setjast alltaf einhverjir norðlenskir nemar að í Reykjavík. Fleiri rannsóknir vantar sem fjalla um tengsl framburðaeinkenna tungumálsins og stéttaskiptingar. Ef til vill er ástæðan sú að stéttaskipting hefur ekki verið áberandi á Íslandi í gegnum árin. Í öðrum löndum er stéttbundinn munur á mállýskum meira áberandi (Indriði Gíslason, Baldur Jónsson, Guðmundur B. Kristmundsson og Höskuldur Þránínsson, 1988: 57).

Viðhorf til framburðareinkenna getur haft mikil áhrif. Oft hefur verið litið neikvæðum augum á nýjungar í tungumálinu eins og þágufallshneigð, nýju þolmyndina og flámæli. Flámæli er gott dæmi um nýjung sem litin var mjög neikvæðum augum. Flámæli var ekki vel séð og unnu íslensk stjórnvöld markvisst að því að kveða það niður. Núorðið er það horfið að heita má. Flámæli er einnig gott dæmi um hversu mikil áhrif viðhorf geta haft á þróun

tungumála. Komið hafa upp kenningar um að flámæli hafi verið hluti af eðlilegri þróun íslenska tungumálsins (Birna Arnbjörnsdóttir, 1987). Aðför stjórnvalda gegn flámæli er ekki eina dæmið um stjórnvöld hafi skipt sér að tungumálinu. Yfirvöld styrktu til dæmis rannsókn Björns Guðfinnssonar með það í huga að hægt væri að leggja grunn að málfegrun íslensku. Árið 1985 setti menntamálaráðherra á fót nefnd sem átti að koma með hugmyndir að málvöndun. Nefndin mælti þó gegn því að gert væri upp á milli staðbundinna mállýskueinkenna (Indriði Gíslason og Höskuldur Þráinsson, 2000: 13-19).

Þó að ekki hafi verið unnið markvisst gegn *bð/gð*-framburðinum hefur verið talað gegn honum. Í bók Björns Guðfinnssonar *Breytingar á framburði og stafsetningu* minnst hann á orð landlæknis að nafni Guðmundur Björnsson. Hann nefndi í grein sinni dæmi um æskilegan og óæskilegan framburð. Lýsing hans á óæskilegum framburði minnir mikið á *bð/gð*-framburðinn. Í greininni sagði hann framburð á orðum eins og *sagði* aldrei eiga að vera [sággði] stafsett sem *saggði*. Þetta eru greinileg einkenni *bð/gð*-framburðarins (Björn Guðfinnsson, 1947: 11). Ætla má að greinar af þessu tagi hafi haft áhrif á viðhorf fólks til þessara málfarseinkenna. *Bð/gð*-framburðurinn er nýjung miðað við forn málið. Ef til vill er það ein af ástæðum þess að tíðni framburðarins fer lækkandi. Framburðareinkennið náði aldrei dreifingu um land allt eins og *ks*-framburðurinn og þágufallshneigðin. Þar af leiðandi gæti *bð/gð*-framburðurinn ekki hafa náð nægilegri festu í tungumálinu. Í sömu bók minnst Björn á að þeir sem höfðu raddaðan framburð ættu ekki að láta stríðni hafa áhrif á sig. Greinilegt er að Björn hefur orðið var við slík viðbrögð við framburðareinkenninu þar sem hann minnst á þetta sérstaklega. Slík stríðni gæti hafa orðið til þess að fólk færi að breyta máli sínu. Sjálfum fannst honum raddaði framburðurinn mun fallegra en sá óraddaði (Björn Guðfinnsson, 1947: 20).

7. Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið fjallað um raddaða framburðinn og *bð/gð*-framburðinn. Farið hefur verið yfir tíðni, framtíðarhorfur, einkenni rannsókna sem fjalla um íslensk framburðareinkenni og margt fleira sem viðkemur þessum framburðareinkennum. Lítil rannsókn var framkvæmd fyrir rannsóknina. Þátttakendurnir voru þrettán talsins. Takmarkið var að skoða hvort framburðareinkennin birtust að einhverju marki í máli þátttakendanna, hvort einhver breytileiki væri í máli þeirra og hvort búsetusaga þeirra skipti máli. Gögn úr RÍN og RAUN voru einnig skoðuð til að meta þessa þætti.

Niðurstöður úr RÍN og RAUN bentu sterklega til að raddaði framburðurinn og *bð/gð*-framburðurinn væru á hröðu undanhaldi. Jafnhliða undanhaldi raddaða framburðarins eykst tíðni óraddaða framburðarins, andstæðu raddaða framburðarins. Önghljóðaframburður, andstæða *bð/gð*-framburðarins, er einnig mun algengari en *bð/gð*-framburðurinn. Miðað við þróun á tíðni þessara framburðareinkenna munu þau eflaust einhverntíma hverfa. Þó að staða þessara framburðareinkenna sé veik voru tólf af þrettán þátttakendunum með raddaða framburðinn að einhverju leyti og fimm af þrettán þátttakendunum voru með *bð/gð*-framburðinn. Þessar niðurstöður komu því skemmtilega á óvart. Yngsti þátttakandinn með *bð/gð*-framburðinn var 67 ára. Ekki var búist við að framburðareinkennið myndi finnast hjá svo ungum einstaklingi.

Einnig var velt upp nokkrum ástæðum þess af hverju staða þessara framburðareinkenna er eins slæm og hún er í dag. Ástæður fyrir þessari stöðu geta verið margar, meðal annars viðhorf málhafa til framburðareinkenna, hvað telst vera fínt mál, nýjungar í máli, utanaðkomandi áhrif, búseta og flutningar. Erfitt er að finna einhlítt svar við þessari spurningu, en líklegt er að allir þessir þættir spili saman að einhverju leyti. Þó er óhætt að fullyrða að ef staðbundnar mállýskur á broð við þær sem hér hafa verið til umfjöllunar deyja út þá verði íslenskt mál fátækara sem því nemur. Tungumál eru þó lifandi og aldrei að vita hvort eða hvenær nýjar mállýskur skjóta upp kollinum í íslenskri tungu, líkt og flámælið á sínum tíma.

Heimildaskrá

Baldur Jónsson. (1982). Um tvenns konar lt-framburð. *Íslenskt mál*, 4(1), 87–115.

Birna Arnbjörnsdóttir. (1987). Flámæli í vesturíslensku. *Íslenskt mál*, 9(1), 23-40.

Björn Guðfinnsson. (1946). *Mállýzkur I*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja:

Björn Guðfinnsson. (1947). *Breytingar á framburði og stafsetningu*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Björn Guðfinnsson. (1964). *Mállýzkur II. Studia Islandica 23*. Reykjavík: Heimspekideild Háskóla Íslands og Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

Guðvarður Már Gunnlaugsson. (1987). Íslenskar mállýskurannsóknir. Yfirlit. *Íslenskt mál*, 9(1), 163–174.

Höskuldur Þráinsson, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. (2013). Hvert stefnir í íslenskri setningagerð? Um samtímalegar kannanir og málbreytingar. *Íslenskt mál*, 35(1), 47-117.

Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason. (1984). Um reykvísku. *Íslenskt mál* 6(1)113–134.

Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason. (1986). Um skagfirsku. *Íslenskt mál*, 8(1) ,31–62.

Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason. (e.d.). *Framburðarrannsóknir*. Sótt 23. febrúar 2020 af <https://mallyskur.is/framburdarrannsoknir>.

Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason. (e.d.). *Bð/gð-framburður*. Sótt 23. febrúar 2020 af <https://mallyskur.is/lokhljodaframburdur>.

Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason. (e.d.). *Raddaður og óraddaður framburður*. Sótt 23. febrúar af https://mallyskur.is/raddadur_framburdur.

Indriði Gíslason, Baldur Jónsson, Guðmundur B. Kristmundsson og Höskuldur Þráinsson. (1988). *Mál og samfélag*. Reykjavík: Iðunn.

Indriði Gíslason og Höskuldur Þráinsson. (2000). *Handbók um íslenskan framburð. 2. útg.* Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Jón Ófeigsson. (1924). *Træk af moderne islandsk lydlære.* Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.

Kristján Árnason. (2005). *Hljóð. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði. Íslensk tunga bindi I.* Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Margrét Lára Höskuldsdóttir. (2013). Breytingar á norðlenskum framburði 1940-2011 og áhrif búferlaflutninga. *Íslenskt mál*, 35(1),130-135.

Stefán Einarsson. (1932). Um mál á Fljótsdalshéraði og Austfjörðum 1930. *Skírnir*, 106(1), 33–54.

Viðauki

Bjarni blaðasali

Það var miðvikudagsmorgunn og Bjarni litli Guðmundsson var að selja blöð niðri í miðbæ. Þetta var að haustlagi, þokukúfur á Esjunni, hvassviðri og nepja. Ásmundur vinur Bjarna hafði ekki orðið samferða honum eins og venjulega vegna þess að hann hafði flogið af hjólinu sínu hjá undirgöngunum við Lönguhlíð, lent illa á götunni, rifið buxurnar sínar og meitt sig eitthvað. Bílarnir hægðu samt ekkert á sér. Bjarni ber út Morgunblaðið og Víkurfréttir en Ásmundur ber út Fréttablaðið og DV. Strákarnir selja oft afganginn niðri í Bankastræti og Austurstræti þegar þeir eru búnir að selja hin blöðin.

„Íslendingar hefna sín á Englendingum og Tékkum í landsleikjum í knattspyrnu,“ æpti Bjarni. „Viltu kaupa Morgunblaðið eða Víkurfréttir?“ sagði hann við Jón Axel, efnisvörð í prentsmiðjunni, sem gekk fyrir hornið. En Jón Axel er ómögulegur og vill hvorugt blaðið kaupa. „Unglingalandsliðið komið í aðra umferð í heimsmeistarakeppninni,“ orgar Bjarni þá og hækkar róminn svo að fólk hrekkur við og virðulegur borgari með stresstösku öskrar: Hvaða hrikalegu læti eru þetta?“ Bjarni var fljótur að forðar sér og hljóp inn í skotið bak við apótekið. Þarna stóð hann titrandi dálitla stund, hugsaði sig um og reyndi að jafna sig eftir skelkinn sem hann hafði fengið þegar kallinn tók upp á því að öskra á hann.

Norðurlandsmót

Margir unglingar iðka íþróttir. Sumir eru í handbolta eða fótbolta, aðrir kasta kringlu eða varpa kúlu. En það er ekki bara ungt fólk sem reynir að liðka sig í íþróttum. Gamalt fólk reynir til dæmis að busla og skvampa í sundlaugum. Það er víst líka hollt. Í fyrra höfðu Akureyringar sent harðsnúíð lið á Norðurlandsmót. Margt benti til að þeir yrðu langt á undan öðrum í stigakeppninni, enda gortuðu þeir óspart. Hins vegar vantaði marga hjá Skagfirðingum og þeir höfðu varla nema hálflið. Þeir gátu samt hælt sér af því að Páll frá Álftagerði sigraði bæði í kringlu og kúlu. Það þótti Húsvíkingum slæmt og heimtuðu bætur fyrir. Skagfirðingar aumkuðu sig þá yfir Húsvíkinga og lánuðu þeim stúlku í handbolta til að blíðka þá. Þetta var skemmtileg stúlka með fallett rautt hár. Hún var kölluð Rauðka og var frænka pilts sem spilaði á hægri kanti hjá Fylki í fyrra.

Sumir sögðu að hlaupabrautin á mótinu hefði vitlaust mæld. Samt hafði Óskar á Laugum mælt hana sjálfur svo að ekki gat verið maður í mysunni þar. Það var líka eins og við manninn mælt að þegar þetta fréttist minntist engin á slíkt framar. En þar með var þó ekki öll

sagan sögð. Þegar svo sem hálf t fimmtán hundruð metra hlaupið var búið álpaðist lítil stelpa í allt of stórru úlpu inn á völlinn. Henni hlýtur að hafa verið sémilega volgt því það var glampanði sól. Einn hlauparinn valt um hana og hentist á hausinn. Hann rankaði þó fljótt við sér og hélt áfram en var greinilega haltur og ósköp aumkunarverður. Hann hafði verið fjórði eða fimmti þegar óhappið vildi til en varð tólfth í mark.